

Stjórnarfundur Geðhjálpar miðvikudaginn

17. desember kl. 16:00

Mættir: *Birgir Páll Hjartason, Hallgrímur Hrafnsson, Jón Ari Arason Breiðfjörð, Grímur Atlason, Svava Arnardóttir, Sigurborg Sveinsdóttir* ritaði fundargerð

1. Fundargerð frá 19. nóvember sl.

Samþykkt.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Grímur fer yfir verkefni sl. vikna sem hafa verið fjölbreytt. Fundir með Svövu vegna Skjólshúss og vinnu tengdri mannréttindabæklingi sem komið verður að síðar á fundinum. Nokkrar fjölmiðla innkomur hafa verið á tímabilinu og fjölbreytt verkefni. Vikulegir fundir með stýrihóp um mótun stefnu í málaflakki fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborgar. Einnig hafa verið nokkur einstaklingsmál sem Grímur hefur sinnt.

3. EXIT samráðsvettvangur

Samráðsveggvangur sem mun hittast 2x á ári. Aðalmarkmið að einstaklingar sem er í afplánun komist aftur út í samfélagið að lokinni afplánunar og geti fótað sig betur en raunin er í dag. Sigrún Sigurðardóttir verður fulltrúi Geðhjálpar í samráðsvettvanginum.

Sameiginleg sýn að draga úr ítrekun afbrota, efla samfélagsöryggi og stuðla að heildrænni nálgun á afbrotavarnir, endurhæfingu og félagslega aðlögun.

4. Barnaréttindavaktin

Átta félagasamtök standa að Barnaréttindavaktinni þar sem tækifæri gefst til að ræða um réttindi barna frá ýmsum vinklum. Geðhjálp var boðið að vera með í þessum hóp og mun Svava Arnardóttir formaður sinna því verkefni.

5. Fordómaviðburðaröð 27. janúar, 17. febrúar, 17. mars og 21. apríl

Svava segir frá viðburðum sem fyrirhugaðir eru til að kynna og fara yfir niðurstöður fordómarannsóknar sem Sigrún Ólafsdóttir vann fyrir Geðhjálp. Fyrsti fundur verður 27. janúar og verður áherslan á breytingar á niðurstöðum 2022 og 2025. 17. febrúar verður áherslan á fíkn, 17. mars á afbrot og 21. apríl á orsakir. Þetta verða hádegisfyrirlestrar með stuttum erindum með tengingu við lífaða reynslu.

Handwritten notes in blue ink:

- UB
- SA
- BPM
- HJK

6. Mannréttindaskjal v. nauðung og þvingun

Geðhjálparstefnir á að gefa út bækling um mannréttindi þeirra sem eru á geðdeildum – sérstaklega þeirra sem eru beittir nauðung og þvingun. Bæklingurinn er núna í hönnun og verður sendur stjórnarfólki til yfirlstrar fljótlega á nýju ári.

7. Skjólshús

Svava kynnir stöðu verkefnisins: Undanfarnar vikur hefur verið fundað með félags- og húsnæðismálaráðuneyti varðandi aðkomu þess að rekstri og skjólshúss. Á síðasta fundi mætti fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins en bæði ráðuneyti hafa samþykkt aðkomu að verkefninu. Undirbúningshópur hefur einnig verið að hittast og liggja fyrir drög að samþykktun nýs félags sem mun halda utan um rekstur skjólshúss. Drög að samningi bárust frá ráðuneytunum í dag og er stefnt á undirskrift samningsins þann 30. desember nk.

Svava leggur fram eftirfarandi tillögu: Stjórn gefur framkvæmdarstjóra Geðhjálpar heimild til að ráðstafa allt að 150 m.kr. til annars vegar stofnunar skjólshúss (stofnkostnaður) og hins vegar til reksturs hússins. Gert er ráð fyrir að stofnkostnaður verði í kringum 150 m.kr. og að framlag Geðhjálpar verði 100 m.kr. af þeirri upphæð.

Samþykkt.

8. Bataskólinn

Bataskólinn Íslands verður í lok árs ekki hluti af Geðhjálparlengur. Framvegis símenntunarmiðstöð tekur yfir rekstur hans. Ósk kom frá Framvegis um að Geðhjálpar tilnefndi einstakling með lífaða reynslu í stjórn Bataskólans. Birgir Páll Hjartarson býður sig í fram í verkefnið.

9. Önnur mál

Svava segir frá ráðstefnu í fötlunarfræði í vor sem henni hefur verið boðið að flytja erindi á. Stjórn samþykkir að greiða ferðakostnað hennar vegna þessa.

Birgir P.M.

Hellgrímur Þrafursson

Ólafur Þorvaldursson
Fórn Þorvaldursson
Sveinbjörg Sveinbjörgsdóttir